

Nr. 18-146 S 096 Eyji NK 4***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1787
Útgerð: Emel ehf
Smíðaður: Garðabær, 1987, stál
Stærð: 19,15 brl. 24,3 bt.
Mesta lengd: 14,07 m Skráð lengd: 14,0 m
Breidd: 4,0 m Dýpt: 2,2 m
Vél: Volvo Penta 175 kw, 1998.
Fjöldi skipverja: 2



Eyji©Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. ágúst 2018 var Eyji NK 4 á sæbjúgnaveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: SSV 1-2 m/sek..

Á siglingunni til hafnar varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Hafbjörg dró Eyja til hafnar á Neskaupsstað.

Við rannsókn kom fram:

- að festing (*hulsuró*) fyrir dísu á eldsneytisloka brotnaði með þeim afleiðingum að eldsneytislokinn skaut upp úr strokklokinu, festiboltarnir fyrir hann slitnuðu og fóðring í spíssagatinu fór að leka kælivatni;
- að fram kom hjá skipstjóra að dauðir blettir væru á VHF rás 16 og AIS út af Sandvíkinni norðan Gerpis og suður eftir. Vegna þessa hafi reynst erfitt að tilkynna atvikið og óska eftir aðstoð;
- að fram kom hjá Vaktstöð siglinga (VSS) að vegna lélegs sambands milli báts og VSS sá varðskip um öll samskipti við bátinn.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að festing fyrir dísu brotnaði.